

Fréttatilkynning frá Nýherja
Reykjavík, 28. október 2011

Hagnaður Nýherja hf. fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta - EBITDA - nam 376 mkr fyrstu níu mánuði 2011

Helstu niðurstöður:

- EBITDA var 77 mkr á þriðja ársfjórðungi, en var 169 mkr á sama tímabili árið á undan.
- Heildarhagnaður var 18 mkr fyrstu 9 mánuði ársins.
- 90 mkr tap er hjá Applicon í Danmörku í ársfjórðungnum vegna tafa við afhendingu hugbúnaðarlausnar.
- Rekstur og afkoma allra annarra rekstrareininga og dótturfélaga samstæðunnar í takt við áætlanir.
- Nýherji hefur samið við Landsbanka Íslands um að annast viðskiptavakt með hlutabréf félagsins.

Þórður Sverrisson, forstjóri:

„Afkoma Nýherjasamstæðunnar er undir áætlunum í ársfjórðungnum. Afkoma allra eininga og dótturfélaga samstæðunnar er í takt við áætlanir, ef frá er talin Applicon A/S í Danmörku. Félagið hefur ásamt samstarfsfyrirtæki í Danmörku unnið að innleiðingu og afhendingu á umfangsmikilli lausn fyrir opinberan aðila og hafa tafir við afhendingu lausnarinnar valdið verulegum viðbótarkostnaði fyrir Applicon. Rekstur annarra eininga samstæðunnar hefur verið ágætur og horfur góðar í fjórða ársfjórðungi“.

Rekstrarniðurstaða fyrir þrjá ársfjórðunga 2011

Fyrstu 9 mánuðir 2011 – Lykiltölur		
Fjárhæðir í þús. króna		
	9 mánuðir 2011	9 mánuðir 2010
Seldar vörur og þjónusta	11.175.326	10.272.770
Vörunotkun og kostnaður við selda þjónustu	(8.922.825)	(8.032.639)
Framlegð	2.252.501	2.240.131
Rekstrarkostnaður	(2.092.916)	(2.140.906)
Rekstrarhagnaður (EBIT)	170.023	111.442
Áhrif gjaldþrots dótturfélags	0	246.187
Hrein fjármagnsgjöld	(165.587)	(150.732)
Hagnaður fyrir tekjuskatt	4.436	206.897
Tekjuskattur	(1.397)	2.714
Hagnaður tímabilsins	3.039	209.611
Rekstrarliðir færðir beint á eigið fé	14.854	(77.670)
Heildarhagnaður tímabilsins	17.893	131.941
EBITDA	376.337	326.952
EBITDA hlutfall	3,36%	3,18%
Meðalfjöldi stöðugilda	531	565

Sala á vöru og þjónustu nam 11.175 mkr fyrstu 9 mánuði ársins, samanborið við 10.273 mkr á sama tímabili árið 2010. Tekjur hafa því aukist um 9,3% milli ára. Vörunotkun og kostnaðarverð seldrar þjónustu nam 8.923 mkr fyrstu níu mánuði ársins en nam 8.033 mkr á sama tíma í fyrra. Meðalfjöldi stöðugilda fyrstu níu mánuði ársins 2011 var 531, en var 565 yfir sama tímabil árið áður.

Uppgjör Nýherja hf. á þriðja ársfjórðungi 2011

Rekstrarkostnaður var 2.093 mkr, en var 2.141 mkr á sama tíma á árinu 2010. Hagnaður fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta - EBITDA - var 376 mkr á tímabilinu, en var 327 mkr á sama tímabili fyrir árið 2010.

Hrein fjármagnsgjöld voru 166 mkr í samanburði við 151 mkr fyrstu níu mánuði ársins 2010. Heildarhagnaður fyrstu níu mánuði ársins nam 18 mkr en var 132 á sama tímabili árið áður, en á fyrra ári hafði 246 mkr tekjufærsla vegna gjaldþrots dótturfélags veruleg áhrif á heildarafkomu félagsins.

Efnahagsreikningur 30.09. 2011 – Lykiltölur		
Fjárhæðir í þús. króna		
	30.09. 2011	31.12. 2010
Fastafjármunir	4.307.337	4.292.246
Veltufjármunir	3.743.027	3.688.274
Eignir samtals	8.053.364	7.980.520
Eigið fé	2.323.839	2.419.911
Langtímaskuldir	2.237.421	2.373.525
Skammtímaskuldir	3.489.104	3.187.084
Eigið fé og skuldir samtals	8.050.364	7.980.520

Heildareignir í lok tímabilsins voru 8.053 mkr samanborið við 7.981 mkr í lok ársins 2010. Langtímaskuldir hafa lækkað frá ársbyrjun úr 2.373 mkr í 2.237 mkr. Skammtímaskuldir hafa hækkað frá ársbyrjun úr 3.187 mkr í 3.489 mkr. Vaxtaberandi langtímaskuldir námu 2.223 mkr, en voru 2.365 mkr í ársbyrjun 2011. Eigið fé í lok september 2011 var 2.324 mkr og er eiginfjárhlutfall nú 28,9% en var 30,3% um síðustu áramót. Lækkun eiginfjárhlutfalls má rekja til kaupa móðurfélagsins á eignarhlut minnihlutaeigenda í dótturfélögum og á Nýherji nú allt hlutfé Applicon í Svíþjóð.

Rekstrarniðurstaða á þriðja ársfjórðungi 2011

Ársfjórðungsyfirlit – Lykiltölur					
Fjárhæðir í þús. króna					
	F3 2011	F2 2011	F1 2011	F4 2010	F3 2010
Seldar vörur og þjónusta	3.505.552	3.977.088	3.692.686	3.988.414	3.234.284
Vörunotkun og kostnaður við selda þjónustu	(2.844.276)	(3.206.653)	(2.871.896)	(3.116.866)	(2.509.561)
Framlegð	661.276	770.435	820.790	871.548	724.723
Rekstrarkostnaður	(658.500)	(704.165)	(730.251)	(757.725)	(633.084)
Rekstrarhagnaður (EBIT)	4.068	68.994	96.961	117.429	95.826
Hrein fjármagnsgjöld	48.943	(68.545)	(48.099)	38.651	(73.240)
(Tap) hagnaður fyrir tekjuskatt	(41.455)	449	48.862	233.708	22.586
Tekjuskattur	9.480	1.069	(11.946)	(47.973)	4.183
(Tap) hagnaður tímabilsins	(35.395)	1.518	36.916	185.735	26.769
Rekstrarliðir færðir beint á eigið fé	(24.705)	12.828	26.731	3.742	4.836
(Heildartap) -hagnaður tímabilsins	(60.100)	14.346	63.647	189.477	31.605
EBITDA	76.640	140.109	159.587	190.609	169.125
EBITDA hlutfall	2,19%	3,52%	4,32%	4,8%	5,2%
Meðalfjöldi stöðugilda	534	528	531	539	553

Sala á vöru og þjónustu nam 3.506 mkr á þriðja ársfjórðungi, samanborið við 3.234 mkr árið 2010, og aukast því um nær 10% milli ára. Vörunotkun og kostnaðarverð seldrar þjónustu nam 2.844 mkr en voru 2.510 mkr fyrir sama tímabil 2010. Meðalfjöldi stöðugilda í þriðja ársfjórðungi var 534, en var 553 á sama tíma í fyrra.

Uppgjör Nýherja hf. á þriðja ársfjórðungi 2011

Rekstrarkostnaður var 659 mkr í þriðja ársfjórðungi, en var 633 mkr á sama tíma á árinu 2010. Hagnaður fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta - EBITDA - var 77 mkr á tímabilinu, en EBITDA var 169 mkr á sama tímabili fyrir árið 2010.

Hrein fjármagnsgjöld voru 49 mkr í þriðja ársfjórðungi í samanburði við fjármunatekjur að fjárhæð 73 mkr í þriðja ársfjórðungi 2010. Heildartap í fjórðungnum nam 60 mkr, en heildarhagnaður í þriðja ársfjórðungi í fyrra nam 32 mkr.

Yfirlit yfir rekstur

Nokkur aukning varð í sölu á tæknibúnaði hjá Nýherja miðað við sama tíma í fyrra. Á fyrirtækjamarkaði jókst sala á stærrri netþjónum og hugbúnaði frá IBM. Einnig var ágæt sala í síma- og samskiptalausnum. Á einstaklingsmarkaði var góð sala á búnaði frá Sony og sala á Canon myndavélum hefur verið stöðug á árinu. Þá hefur sala á Lenovo tölubúnaði vaxið á árinu jafnhliða stóruaknu markaðsátaki. Nýherji hefur breytt nafni á Sense verslun í Kringlunni í Verslun Nýherja og er markmiðið með þeirri breytingu að styrkja vöruframboðið og starfsemi verslana Nýherja.

Tæknisvið Nýherja annast rekstrar- og hýsingarþjónustu auk þess að bjóða fjölpætta sérfræðilausnir á sviði upplýsingatækni og samskiptalausna. Rekstur tæknisviðs var lítilllega undir áætlun, en afkoman var þó betri en á sama tímabili í fyrra. Margháttaðar breytingar á starfsemi tæknisviðs Nýherja gefa væntingar um bættu afkomu þess á næstu misserum.

Rekstur TM Software gekk vel í ársfjórðungnum, en tekjur voru yfir áætlun og ágætur hagnaður af rekstri. Mikil tekjuaukning er í sölu á eigin hugbúnaðarlausnum til erlendra fyrirtækja. Sérhæfð hugbúnaðarþróun fyrir erlenda sem innlenda aðila hefur vaxið undanfarið og er verkefnastaðan góð. Samdráttur er hins vegar í tekjum af heilbrigðislausnum og þjónustu fyrir heilbrigðisstofnanir.

Rekstur Applicon ehf., sem sérhæfir sig í sölu og þjónustu viðskiptahugbúnaðar, einkenndist af fjárfestingum á sviði þróunar og undirbúningi fyrir umfangsmikla SAP innleiðingu hjá meðalstórum sænskum banka. Þá var einnig unnið að sölu á sérhæfðu hugbúnaði og þekkingu á Norðurlöndum og í Mið-Austurlöndum. Rekstur félagsins var undir áætlunum á tímabilinu en söluhorfur á SAP og Vigor viðskiptalausnum á Íslandi eru góðar.

Starfsemi Applicon í Svíþjóð var samkvæmt áætlun og tekjur eru vel yfir þeim markmiðum sem voru sett í upphafi ársins. Í kjölfar aukinna umsvifa hefur verið fjölgað um fjóra starfsmenn og fimm til viðbótar taka til starfa á fjórða ársfjórðungi. Hafin er vinna á vegum Applicon á stórrí innleiðingu á SAP viðskiptahugbúnaði hjá sænskum lánastofnuninni Landshypotek, en hún er með um 50 þúsund sjóðsfélaga. Gert er ráð fyrir að innleiðingu ljúki haustið 2012. Applicon í Svíþjóð hefur tekið að sér val og innleiðingu á tölukerfi fyrir stóran vogunarsjóð í Stokkhólmi. Því til viðbótar var gerður viðhaldssamningur við fjármálatfélagið Öhman Fondkommission. Söluhorfur fyrir fjórða ársfjórðung eru góðar.

Applicon A/S í Danmörku hefur á liðnum 18 mánuðum unnið að hönnun og innleiðingu á umfangsmikilli SAP lausn fyrir á annan tug sjúkrahúsa fyrir opinberan aðila. Vegna tafa á afhendingu hugbúnaðarins hefur félagið orðið fyrir um 90 mkr ISK viðbótarkostnaði á þriðja ársfjórðungi, sem veldur verulegu tapi á rekstri félagsins. Nýr framkvæmdastjóri Karl Peter Vilandt tók við framkvæmdastjórn félagsins 1. september. Verkefnastaða fyrir aðra viðskiptavinum er góð og horfur fyrir næsta ár vænlegar.

Starfsemi danska félagsins Dansupport A/S, sem sérhæfir sig í innviðum upplýsingatæknikerfa og símalausnum, var á áætlun á þriðja ársfjórðungi og stendur félagið mun betur en á sama tíma í fyrra. Þrátt fyrir talsverða fjárfestingaþörf hjá dönskum fyrirtækjum í upplýsingatækni halda þau enn að sér höndum í fjárfestingum vegna efnahagsstöðunnar. Gert er ráð fyrir að afkoma Dansupport verði á áætlun í fjórða ársfjórðungi 2011.

Horfur

Ófyriseð tap á rekstri Applicon í Danmörku hefur áhrif á afkomuna samstæðunnar á síðari árshelmingi. Þó gæti EBITDA hagnaður ársins í heild verið nærri væntingum, því að horfur fyrir fjórða ársfjórðung séu ágætar.

Fjárhagsdagatal fyrir 2011:

Áætluð birting árreiknings fyrir árið 2011 er 27. janúar 2012.

Samþykkt árs hlutareiknings

Árshlutauppgjör fyrir þriðja ársfjórðung 2011 var samþykkt á stjórnarfundum Nýherja hf. 28. október 2011. Árshlutauppgjör Nýherja hf. er gert í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS-International Financial Reporting Standards). Þýðingarmunur erlendra dótturfélaga er tilgreindur í yfirliti um heildarafkomu árs hlutareiknings í samræmi við ákvæði alþjóðlega staðalsins. Árshlutauppgjörin hefur hvorki verið endurskoðað né kannað af endurskoðendum félagsins.

Nánari upplýsingar

Pórður Sverrisson, forstjóri Nýherja, í síma +354 893 3630.

Nýherji hf.

Hlutverk Nýherja hf. er að skapa viðskiptavinum sínum virðisauka með þekkingu starfsmanna á upplýsingatækni, rekstri fyrirtækja og þörfum viðskiptavina. Nýherji býður fyrsta flokks ráðgjöf og fagþjónustu á sviði upplýsingatækni og vandaðan tölvu-, skrifstofu- og hugbúnað ásamt traustri tækni- og rekstrarþjónustu. Félög Nýherjasamstæðunnar í rekstri eru 14 bæði hér heima og erlendis. Hlutabréf Nýherja hf. eru skráð í NASDAQ OMX Iceland hf. (Kauphöll Íslands).

Í stjórn Nýherja eru: Benedikt Jóhannesson, stjórnarformaður, Árni Vilhjálmsson, Guðmundur Jóh. Jónsson, Hildur Dungal og Marta Kristín Lárusdóttir. Pórður Sverrisson er forstjóri Nýherja hf.